

FUNDARGERÐ GRUNNSKÓLADEILDAR

Dags. og tími: 27. febrúar 2018 – klukkan 9:00 – 10:30

Efni fundar: Skólalóð Hörðuvallaskóla

Fundarstjóri: Friðrik Baldursson

Fundarritari: Hekla Hannibalsdóttir

Þátttakendur: Arnar Björnsson, Marta Sigurjónsdóttir, Linda Björk, Ágúst Frímánn Jakobsson, Aðalheiður Kristjánsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Þórunn Jónasdóttir, Gunnar Heimir Ragnarsson og Hekla Hannibalsdóttir. Steingrímur Hauksson kom síðar inn á fundinn.

UMRÆÐUR OG ÁKVARÐANIR:

Farið yfir loftmynd af lóðinni síðan í sumar áður en farið var í framkvæmdir á lóðinni. Sett voru nokkur lítil trampólín.

Tvennt sem var kosið um í verkefninu *Okkar Kópavogur*,

- Fimmhryningsróla
- Körfuboltavöllur 18x32 metrar. Gert er ráð fyrir 4 körfum á þessari stærð eða e.t.v. 6. Skoða þarf hvort mögulega ætti að minnka völlinn og nýta í annað leiksvæði. Þá var rætt að skoða með stillanlegar körfur. Aðalheiður skoðar það.

Möguleiki að snúa annarri gömlu körfunni við og nýta áfram og jafnvel færa körfu(r) yfir á lóðina við Kórinn.

Gúmmíhellur á leiksvæði eru farnar að losna og eru því ekki öruggar. Þær verpast og þá losna festingar, þetta þarf að lagfæra.

Talað var um að meiningin sé að fara í frágang á bílastæðum við Kórinn.

Fjárveitingar til skólans og Kórsins eru 100 milljónir en eftir á að ákveða hvernig skipting verður.

Tvennt sem þarf að horfa til:

- 2 stofur í Kórnum
- Tilfærsla á bókasafni

Próun á kjallara í Kórnum - þar væri hægt að búa til stofur ef grafið verður frá húsinu og búnir til gluggar.

Þessi peningur var hugsaður líka fyrir leikvöll á skólalóð (bæði í Kórnum og Baugakór). Þá var einnig rætt um bílastæði.

Foreldrafélagið lagði áherslu á að setja upp þriggja ára plan, hér er hluti af hugmyndum sem foreldrar vilja að komi til framkvæmda í því plani:

Kastali – skatepark. Ekki sjálfgefið að skatepark komi í stað aparólu þar sem það þykir of nálægt íbúðabyggð.

Það þarf að gera eitthvað fyrir nemendur í Kórnum sem fyrst. Nemendur á unglíngastigi hafa enga aðstöðu.

Væri e.t.v. hægt að útbúa setsvæði/útikennslusvæði í halla við aparólusvæði?

Gæti komið kastali á svæðið þar sem aparólan er núna? Óskað var eftir því að staðsetningin liggi fyrir árið 2019.

Annað sem þarf að huga að varðandi skólalóð:

- Rætt um að setja þurfi hlið á skólalóðina frá bílastæðinu þar sem foreldrar hafa átt til að keyra inn á skólalóðina að gulu álmunni. Einnig rætt að loka þannig að ekki sé hægt að keyra í undirgöng við Tröllakór.
- Athuga þarf lýsingu á stoppustöð sundrúttunnar við Baugakór. Bæta þyrfti við ljósastaur þar.
- Vannýtt svæði við endann á gulu álmunni, hugmynd að setja þar slönguspil sem kostar ekki mikið.
- Ganga þarf betur frá niðurfalli á skólalóðinni þar sem það stíflast og þá verður stórt stöðuvatn á lóðinni.

Ákvarðanir:

- Farið í að panta fimmhyrningsrólu og setja upp í apríl, þá verður yfirborðið á gamla leiksvæðinu (gúmmíhellur) einnig endurnýjað.
- Framkvæmdir vegna körfuboltavallar hefjast í sumar og á að verða lokið fyrir skólabyrjun í ágúst.
- Ákveðið var að setja upp slönguspil við endann á gulu álmu.
- Skipuleggja hvernig ráðstafa eigi þeim 100 milljónum sem skilgreindar hafa verið í fjárhagsáætlun til handa skólanum. Stefnt er á að þessari vinnu ljúki öðru hvoru megin við páska.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 27. mars klukkan 9:00 á Digranesvegi 1.

Verkefnalisti:

ábyrgð:

Staða:
